

**607. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 14. febrúar 2023  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 607 lögmætan.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þakkar öllum þeim viðbragðsaðilum sem og starfsfólki sveitarfélagsins sem unnu mikla og óeigingjarna vinnu í þeim hamförum sem gengu á vegna vatnavaxta í Tunguá í gær. Það er þeim að þakka að ekki fór verr en á horfðist.

**Dagskrá:**

1. **Formlegar sameiningaviðræður milli Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046**

Tillaga frá fundi verkefnastjórnar um óformlegar sameiningaviðræður Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, sem fór fram 01.02.2023, til sveitarstjórna sveitarfélaganna um að hefja formlegar sameiningaviðræður milli Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Verði tillagan samþykkt er óskað eftir því að hvort sveitarfélag tilnefni þrjá sveitarstjórnarfulltrúa í samstarfsnefnd vegna sameiningar sveitarfélaganna.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða að skipa sex fulltrúa í samstarfsnefnd, þ.e. þrír frá hvoru sveitarfélagi, sem kanna skal möguleika á sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 119. gr. sveitarstjórnarlaga.*

*Stefnt skal að því að samstarfsnefndin skili álit sínu til sveitarstjórna í maí næstkomandi með það fyrir augum að formleg kynning tillögunnar hefjist í ágúst og að kjördagur verði fyrir lok árs 2023. Samstarfsnefndinni er falið að setja verkefninu nánari verkáætlun og tímaramma.*

*Tillaga þessi er lögð fram í kjölfar óformlegra viðræðna fulltrúa sveitarfélaganna og samráðs við innviðaráðuneytið og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.*

*Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að skipa Jenný Láru Magnadóttur, Jóhann Örn Hreiðarsson og Lilju Magnúsdóttur til setu fyrir sína hönd í samstarfsnefnd. GJ situr hjá við skipan fulltrúa í samstarfsnefnd.*

**2. Samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum - 2210487**

Tillaga starfshóps um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum um að sveitarfélög á Vestfjörðum vinni sameiginlega að barnaverndarþjónustu og þjónustu við fólk með fötlun, og að gerður verði samningur við Ísafjarðarbæ um að vera leiðandi sveitarfélag skv. 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

*Gögn vegna máls lögð fram en fyrri umræðu um tillöguna frestað til næsta fundar sveitarstjórnar sem fer fram 28.02.2023.*

**3. Skipulagslýsing vegna áforma um stækkun Mjólkárviðkjunar - 2301104**

Erindi frá Ísafjarðarbæ dags. 30.01.2023 þar sem óskað er eftir umsögn við skipulagslýsingu vegna áforma um stækkun Mjólkárviðkjunar og afhending grænnar orku skv. skipulagslögum 123/2010. Óskað er eftir að umsögnin berist fyrir 22.02.2023.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps fagnar áformum um stækkun Mjólkár til að afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum sé betur tryggt. Jafnframt eru áform um afhendingu grænnar orku talin jákvæð eins og þau eru sett fram í skipulagslýsingunni.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps áskilur sér rétt til að koma með ítarlegri umsagnir um framkvæmdina eftir því sem vinnu við skipulagstillöguna vindur fram.*

**4. Samstarf um heimilisofbeldi - 2302014**

Erindi frá lögreglustjóranum á Vestfjörðum dags. 30.01.2023 þar sem farið er fram á samstarf við Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp vegna verkefna sem varða heimilisofbeldi.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að samstarf sé á milli sveitarfélaganna í Vestur Barðastrandarsýslu og lögreglunnar, í samræmi við það sem kemur fram í erindi lögreglustjóra.*

**5. Rekstur tjaldsvæðis 2023 - 2301026**

Mál frá 39. fundi atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 01.02.2023 þar sem nefndin óskar eftir að fá frest fram til fyrri fundar sveitarstjórnar í mars 2023 til að skila tillögum sínum vegna reksturs tjaldsvæðis.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tillaga atvinnu- og hafnarnefndar verði lögð fyrir sveitarstjórn á fundi hennar sem fer fram 14.03.2023.*

**6. Fiskeldissjóður 2023 - 2302001**

Minnisblað lagt fram vegna umsókna Tálknafjarðarhrepps til fiskeldissjóðs 2023 en þar kemur fram að unnið er að undirbúningi tveggja umsókna frá sveitarfélaginu.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sótt verði um styrk í fiskeldissjóð árið 2023 í samræmi við innihald minnisblaðsins.*

**7. Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar - 2110201**

Starfslýsing vegna sameiginlegs starfsmanns Tálknafjarðarhafnar og eignasjóðs.

*Máli frestað til næsta fundar.*

**8. Sumaropnun Íþróttamiðstöðvar 2023 - 2302002**

Lögð fram til staðfestingar samþykkt frá 7. fundi íþróttá-, menningar og æskulýðsnefndar sem fór fram 07.02.2023 varðandi sumaropnun Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar sumarið 2023.

*Sveitarstjórn staðfestir samhljóða sumaropnun Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar 2023 eins og hún var samþykkt í íþróttá-, menningar og æskulýðsnefnd.*

**9. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi - 2208076**

Síðari umræða um tillögu að breyttri samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.

Mál frá 606. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 24.01.2023.

*Málinu er frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.*

**10. Atvinnu- og hafnarnefnd - 39 - 2301008F**

Fundargerð 39. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 01.02.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

10.1 2301026 - Rekstur tjaldsvæðis 2023

10.2 2110201 - Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar

10.3 2302001 - Fiskeldissjóður 2023

10.4 2301004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023

10.5 2202145 - Fundargerðir 2022 Hafnasamband

10.6 2301083 - Fundargerðir 2023 Hafnasamband

**11. Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd - 7 - 2302001F**

Fundargerð 7. fundar íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar sem fór fram 07.02.2023.

*Fundargerðin er staðfest.*

11.1 2302002 - Sumaropnun Íþróttamiðstöðvar 2023

11.2 2211551 - Samstarfssamningur við UMFT

11.3 2208089 - Menningarstefna Tálknafjarðarhrepps

11.4 2212664 - Tómastundafulltrúi

**12. Boðun XXXVIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2301093**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 26.01.2023 þar sem boðað er til XXXVIII. landsþings sambandsins föstudaginn 31.03.2023.

*Lagt fram.*

**13. Almannaþingarnefnd - 2302006**

Minnisblað frá slökkviliðsstjóra dags. 02.02.2023 varðandi skipan í almannaþingarnefnd.

*Lagt fram og vísað til umfjöllunar í samráðsnefnd Tálknafjarðarhrepps og*

*Vesturbyggðar.*

**14. Könnun um samgöngumál - 2302041**

Niðurstöður netkönnunar Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri 2022 um fiskeldi og samgöngur á Vestfjörðum.

*Lagt fram.*

**15. Ágangur búfjárs - 2302023**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 06.02.2023 þar sem sveitarfélögum er sent minnisblað um ágang búfjárs dags. 03.02.2023.

*Lagt fram.*

**16. Hættumat ofanflóða. - 1702036**

Hættumat ofanflóða á Tálknafirði unnið 2007 af Veðurstofu Íslands ásamt fylgigögnum.

*Lagt fram.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps telur að óvæntir vatnavextir í Tunguá í gær, sem virðast ekki eiga sér fordæmi, séu vísbending um að náttúrulegar aðstæður séu að breytast og kalli á endurmat ofanflóðahættu við Tálknafjörð.*

**17. Kjarasamningsumboð - 2211590**

Kjarasamningsumboð Tálknafjarðarhrepps til Sambands íslenskra sveitarfélaga undirritað 08.02.2023 og 10.02.2023.

Jafnframt er lagt fram samkomulag undirritað 02.02.2023 milli Tálknafjarðarhrepps og Sambands íslenskra sveitarfélaga um sameiginlega ábyrgð þar sem aðilar samkomulagsins vinna að þeim sameiginlega tilgangi að vinna að gerð kjarasamninga og tryggja áreiðanleika upplýsinga hafa þeir í sameiningu unnið að útfærslu á aðferð við vinnslu persónuupplýsinga til að ná því markmiði og líta þeir svo á að þeir teljist vera sameiginlegir ábyrgðaraðilar í skilningi 23. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (pvl.), sbr. 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 (pvrgr.).

Mál frá 602. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 22.11.2022.

*Lagt fram.*

**18. Sjúkvíaeldi, stjórnsýsluskoðun - 2302045**

Skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis frá janúar 2023 vegna stjórnsýsluúttektar á lagaframkvæmd, stjórnsýslu og eftirliti sjúkvíaeldis.

*Vegna skýrslunnar gerir sveitartjórn Tálknafjarðarhrepps samhljóða eftirfarandi bókun:*

*Skýrsla Ríkisendurskoðunar um stjórnsýslu í fiskeldi kemur sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps ekki á óvart þar sem ítrekað hefur verið bent á skort á eftirliti og rannsóknum með fiskeldi þau tólf ár sem fiskeldi hefur verið starfrækt í Tálknafirði. Skorað er á stjórnvöld að tryggja að fjármagn renni í þessa málaflokka til að hægt sé að bæta úr þeim vanköntum sem fram koma í skýrslunni. Jafnframt hafa sveitarfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum bent á nauðsyn þess að störf í eftirliti með fiskeldi og*

*rannsóknnum í greininni séu staðsett þar sem greinin er í öflugum rekstri. Sveitarfélögin hafa boðið fram húsnæði og aðstöðu á sunnanverðum Vestfjörðum til að svo geti orðið.*

*Mikil tækifæri eru í fiskeldi og greinin hefur stuðlað að uppbyggingu á Vestfjörðum eftir langt hnignunartímabil. Til að sú uppbygging haldi áfram og skili sem mestum verðmætum til samfélaganna á Vestfjörðum er nauðsynlegt að fjármagn renni einnig til þeirra sveitarfélaga þar sem mest þörf er á uppbyggingu í tengslum við fiskeldið þannig að hægt sé að styrkja samfélögin og þar með þróun greinarinnar í sátt við samfélag og náttúru.*

#### **19. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025**

Í upplýsingagjöfinni var einkum farið yfir viðbrögð vegna flóðs í Tunguá og tilkynningu um siglingastopp Baldurs yfir Breiðafjörð í vikunni.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps gerir samhljóða eftirfarandi bókun:*

*Í morgun var tilkynnt að ferjan Baldur muni ekki sigla í dag þriðjudag, á morgun og á fimmtudaginn vegna bilana í vél ferjunnar. Enn einu sinni eru samgöngur og vöruflutningar til og frá sunnanverðum Vestfjörðum í uppnámi vegna þessa og slíkt ástand er með öllu óþolandi.*

*Mikið magn af laxi og laxaafurðum fer frá sunnanverðum Vestfjörðum þessa dagana ásamt öðrum fiskaafurðum auk annarra flutninga. Vegir í austanverðri sýslunni þola engan veginn þessa miklu þungaflutninga og ljóst að þeir munu láta verulega á sjá þegar ekki er hægt að nýta Baldur til að létta álagi af þessum vegum.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjórn Vesturbyggðar hafa ítrekað lýst óánægju sinni með þessa ferju og kallað eftir að fengið verði skip með tvær aðalvélar og í betra ástandi en núverandi ferja. Sú vinna hefur verið sögð í gangi en enn bolar ekkert á annarri ferju.*

*Skorað er á yfirvöld vegamála að hraða þeirri vinnu sem þarf til að hægt sé að fá skip sem treysta má betur til að sinna þessum flutningum til að létta álagi af þungaflutningum á lélega vegi út af Vestfjarðakjálkanum.*

#### **20. Verkefnisstjórn um óformlegar sameiningaviðræður Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2211580**

Fundargerðir verkefnisstjórnar um óformlegar sameiningaviðræður Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar frá 21.12.2022, 25.01.2023 og 01.02.2023.

*Lagt fram.*

#### **21. Fundargerð verkfunda vegna sorpsamnings - 2207047**

Fundargerð 6. verkfundar vegna samnings Kubbs við Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 01.02.2023.

*Lagt fram.*

#### **22. Fundargerðir 2023 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2302017**

Fundargerð 142. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem fór fram 02.02.2023 ásamt ársreikningi ársins 2022.

*Lagt fram.*

**23. Fundargerðir 2022 Vestfjarðarstofu - 2202100**

Fundargerðir stjórnarfundu Vestfjarðastofu nr. 47 sem fór fram 26.09.2022, nr. 48 sem fór fram 28.10.2022 og nr. 49 sem fór fram 05.12.2022.

*Lagt fram.*

**24. Hafnasamband Íslands, fundargerðir - 2301083**

Fundargerð 449. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 20.01.2023 ásamt drögum að ársreikning sambandsins fyrir árið 2022.

*Lagt fram.*

**25. Fundargerðir 2023 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2301063**

Fundargerðir stjórnarfundu Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 917 sem fór fram 20.01.2023 og nr. 918 sem fór fram 27.01.2023.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:57.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenny Lára Magnadóttir (JLM)

---

Guðlaugur Jónsson (GJ)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)